

Íbúar Fjallabyggðar nú segjum við NEI

Við undirritaðir íbúar í Fjallabyggð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að hverfa frá þeim mikla niðurskurði á fjárveitingum til Heilbrigðistofnunarinnar Fjallabyggð (HSF) sem gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi fjárlögum. Þessi niðurskurður mun hafa í för með sér verulega skerðingu á grunnheilbrigðisþjónustu íbúa sveitafélagsins.

Ef niðurskurðurinn verður staðreynd munu Landsspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri taka við eftirgreindri almennri sjúkrahúsþjónustu:

- **Langflestum deyjandi sjúklingum**
- **Krabbameinssjúklingum**
- **Almennum lyflæknissjúklingum s.s. lungnasjúklingum, hjartasjúklingum, sjúklingum með blóðtappa o.fl.**
- **Langflestum einstaklingum sem eru vistunarmetnir og geta ekki verið heima lengur**
- **Bæklunarsjúklingarfrá LSH eða SA þurfa verða alla leguna á LSH eða SA**
- **Langflestum sjúklingum með sýkingar sem þurfa innlögn**
- **Langflestum sjúklingum með kvíða, þunglyndi og önnur andleg vandamál sem krefjast innlagnar**

Hvíldarinnlagnir á HSF munu leggjast af en það hefur í för með sér að aldraðir einstaklingar geta ekki dvalið eins lengi heima og ella. Þar að auki mun HSF hætta að vera sá bakhjarl fyrir heimahjúkrun, heilsugæslu og bráða- og sjúkraþjónustu sem hún hefur verið.

Í Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands er kveðið á að öllum sé tryggður réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli og sambærilegra atvika. Enda segir í lögum um heilbrigðisþjónustu að **ÖLLUM** landsmönnum sé tryggður réttur til grunnþjónustu í heilbrigðismálum.

Enda teljum við það sjálfsgöð mannréttindi að lágmarks sjúkrahúsþjónusta sé tryggð í Fjallabyggð.